

114. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 22/11 2016 kl: 13:00

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Einar Bárðarson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigurður Árnason og Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóra. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri mætti einnig til fundarins Sigurlaug Jónsdóttir boðaði forföll og Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna er í leyfi.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Matthildur fer yfir skýrslu Hjúkrunarforstjóra.

Matthildur leggur fram ítarlega skýrslu um starfsemina frá síðusta fundi. Farið er yfir skýrsluna og rætt um innihald hennar og bókað úr skýrslunni eftir því sem þykir þurfa. Starfsfólk vantar á heimilið og telur hjúkrunarforstjóri að það vanti fólk í 1,2 stöðugildi. Ljóst er einnig að það vantar húsnaði fyrir starfsfólk. Von er á arfi inn á Hjúkrunarheimilið og samþykkir rekstrarnefnd að Kjartan formaður nefndarinnar og Sandra Brá sveitarstjóri sendi formlegt bréf til velunnarasjóðs Hjúkrunarheimilisins um ráðstöfun arfins til hugsanlegra íbúðarkaupa.

Matthildur er búin að fara vel yfir innkaup fyrir heimilið og hefur náð auknum sparnaði í innkaupum.

Klausturhóladagurinn tókst vel og margir gestir mættu í heimsókn og eru allir ánægðir með daginn.

2. Sandra fer yfir nýjan Rammasamning milli SÍ og Hjúkrunarheimila um þjónustu Hjúkrunarheimila. Samningurinn er lagður fram til kynningar og hefur Sveitarstjórn Skaftárrepps þegar samþykkt aðkomu að þessum samningi á fundi sínum 10. Nóvember 2016. Ekki verður annað séð en að samningurinn sé hagkvæmur fyrir Hjúkrunarheimilið Klausturhóla og er rekstrarnefnd samþykk því að vinna samkvæmt samningnum.

Sigurður víkur af fundi.

3. Félagsleg heimaþjónusta. Tillögur að breyttu fyrirkomulagi.

Sandra fer yfir tillögur að nýrri útfærslu á félagslegri þjónustu í Skaftárreppi. Rekstararnefnd samþykkir að taka þátt í verkefninu en með þeim fyrirvara að vel gangi að manna starfshlutfallið sem fylgir samningnum.

4. Fjárhagsáætlun Klausturhóla 2017. Fyrri umræða.

Gert er ráðfyrir að tekjur heimilisins aukist um 17 milljónir milli ára, úr 188 millj í 205 millj. Launakostnaður hækkar um 20 millj. m.a vegna kjarasamninga.

Gert er ráð fyrir 3 milljónum í framkvæmdir við húsnaði Klausturhóla

Rekstrartekjur eru alls reiknaðar 204.966 þús kr

Rekstrarkostnaður alls er reiknaður 203.812 þús kr

Rekstrarrafgangur er því alls kr 1.654 þús kr.

E.B  
R.H  
E.H

Samþykkt að bæta við fjármunum til ferðar fyrir heimilisfólk upp á 350 þús. Og viðbót við rekstarkostnað uppá 240 þús. Alls má því gera ráð fyrir að rekstarafgangur ársins 2017 verði 1.064 þús kr.

5. Önnur mál.


Formaður rekstrarnefndar sendi bréf dagsett 13.10.2016 til sveitarstjórnar Skaftárrepps. Beiðni um styrk vegna húsaleigu Klausturhóla.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn 6.desember kl 11:00

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fleira ekki gert á fundi

Fundi slitið kl 15:30



Kjartan Magnússon



Elín Heiða Valsdóttir



Einar Bárðarson

---

Sigurður Árnason